

VIRÐING FYRIR SKOÐUNUM BARNNA

5.-7.BEKKUR

KENNSLULEIÐBEININGAR

20. NÓVEMBER 2025
DAGUR MANNRÉTTINDA BARNNA



Reykjavík

JAFNRÉTTISSKÓLI REYKJAVÍKUR

EFNISYFIRLIT

03

Dagur mannréttinda barna

04

Virðing fyrir skoðunum barna

Upplýsingar og ítarefni

05

Ígrundunaræfing fyrir starfsfólk

6-12

Hugmyndir að verkefnum

13

Hugtök

DAGUR MANNRÉTTINDA BARNA

20. NÓVEMBER

Samþykkt var á Alþingi þann 15. mars 2016 að 20. nóvember ár hvert skyldi vera helgaður fræðslu um mannréttindi barna.

Þann dag er afmælisdagur Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og Alþjóðadagur barna.

Í þingsályktunartillögu félags- og barnamálaráðherra vorið 2021 um Barnvænt Ísland – framkvæmd Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna kemur fram að dagurinn skuli efldur frá og með árinu 2021. Jafnréttisskóli Reykjavíkur vinnur markvisst að því að gera 20. nóvember hærra undir höfði og nýta daginn enn frekar við fræðslu og vitundarvakningu um réttindi barna.

Þema ársins 2025 hjá Jafnréttisskólanum er **Virðing fyrir skoðunum barna**.

12., 13. og 14. grein Barnasáttmálans

Börn eiga rétt á að tjá sig frjálsglega um öll málefni sem hafa áhrif á líf þeirra, og fullorðnir eiga að hlusta á þau og taka mark á skoðunum þeirra. Börn eiga einnig rétt á að deila skoðunum sínum, vitneskju og tilfinningum með öðrum, hvort sem það er með tali, teikningum eða öðrum hætti, svo lengi sem tjáning þeirra skaðar ekki aðra. Enn fremur eiga börn rétt á frjálsri hugsun og að velja sér trúarbrögð og eigin hugmyndir, svo lengi sem það truflar ekki réttindi annarra.



VIRÐING FYRIR SKOÐUNUM BARNA

Virðing fyrir skoðunum barna er ein af grunnstoðum mannréttinda og lykilþáttur í lýðræðislegu og uppbyggilegu skóla- og uppeldisumhverfi. Samkvæmt Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna eiga öll börn rétt á að tjá sig frjálsglega um málefni sem varða þau, og þeim ber að veita raunverulega hlustun og tillitssemi (Sameinuðu þjóðirnar, 1989, 12. gr.). Þetta þýðir ekki einungis að börn megi tjá skoðanir sínar, heldur einnig að fullorðnir beri ábyrgð á því að skapa öruggt og opið rými þar sem rödd barna fær vægi.

Rannsóknir sýna að þegar börn fá að hafa áhrif og upplifa að þeirra sjónarmið séu virt, þá eykst virkni þeirra í námi, sjálfstraust styrkist og tengslin við umhverfi og samfélag verða dýpri (Lansdown, 2011). Slík virðing er ekki aðeins lagaleg skylda heldur einnig siðferðileg og fagleg krafa til starfsfólks sem vinnur með börnum og ungmennum.

Í leik- og grunnskólastarfi birtist þessi virðing á margbreytilegan hátt; í samskiptum, ákvörðunartöku, kenngslu og mati. Til að efla meðvitund um þetta mikilvæga málefni er gagnlegt að staldra við og ígrunda eigin viðhorf og aðferðir. Slík ígrundun getur leitt til dýpri skilnings og markvissari vinnubragða sem tryggja að rödd barna heyrist og hafi raunverulega þýðingu.

Heimildir:

- Sameinuðu þjóðirnar. (1989). *Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins* (Barnasáttmálinn).
- Lansdown, G. (2011). *Every Child's Right to be Heard: A resource guide on the UN Committee on the Rights of the Child General Comment No.12*. Save the Children & UNICEF.
- Hart, R. (1992). *Children's Participation: From Tokenism to Citizenship*. UNICEF Innocenti Essays No. 4.

Ítarefni:

Réttur barns til áhrifa: BA ritgerð (2021)

Why we must listen to the voices of children | Lars Westra
Youth voice. Are we listening? | Rachel Peterson

Tryggja þarf virkt ungmennaráð. Hvatning frá Unicef til allra sveitarfélaga (2022)

Samráð við börn | Umboðsmaður barna

ÍGRUNDUNARÆFING FYRIR STARFSFÓLK

Lestu eftirfarandi greinar úr Barnasáttmálanum:

12. grein

Börn eiga rétt á því að tjá sig frjálslega um öll málefni sem hafa áhrif á líf þeirra. Fullorðnir eiga að hlusta og taka mark á þeim.

13. grein

Börn eiga rétt á því að deila skoðunum sínum, vitneskju og hvernig þeim líður með öðrum með því að tala, teikna eða tjá sig á annan hátt, svo lengi sem það hefur ekki skaðleg áhrif á annað fólk.

14. grein

Börn eiga rétt á frjálsri hugsun og að velja sér trúarbrögð og eigin hugmyndir, svo lengi sem það hindrar ekki aðra í að njóta réttinda sinna.

Svaraðu skriflega þessum spurningum:

- Hvernig sýni ég virðingu fyrir skoðunum barna og ungmenna í mínu daglega starfi?
- Hvenær hlustaði ég síðast af athygli á eitthvað sem barn eða ungmenni sagði? Hvernig brást ég við?
- Er einhver atburður þar sem ég hefði getað brugðist öðruvísi við til að sýna meiri virðingu fyrir skoðunum barns?
- Hvað get ég gert betur eða öðruvísi til að tryggja að börn upplifi að þeirra skoðanir skipti máli?

Settu þér markmið

Skrifaðu niður eitt einfalt markmið sem þú ætlar að vinna að næstu daga eða vikur til að auka virðingu fyrir skoðunum barna, t.d.:

- „Ég mun spyrja nemendur meira um þeirra skoðanir í tímum.“
- „Ég mun gefa nemendum meiri tíma til að segja frá og hlusta án afskipta.“
- „Ég mun minna mig á að skoðanir allra barna skipta máli, jafnvel þótt þær séu ólíkar mínum eigin.“

Hugmyndir að verkefnum

5.-7. bekkur

Dagur mannréttinda barna

20. nóvember

Markmið:

- Að nemendur skilji að þeir hafa rétt til að tjá skoðanir sínar.
- Að þeir æfi sig í að hlusta og taka mark á skoðunum annarra.
- Að þeir læri að hægt er að vera ósammála án þess að rífast eða særa.
- Að þeir hugsi um hvernig orð og hegðun geta haft áhrif á aðra.

Umræðuefni:

1. Hvað þýðir að virða skoðanir annarra?
2. Hvernig getum við sýnt að við hlustum?
3. Hvernig líður þér þegar aðrir hlusta ekki á þig?
4. Er alltaf auðvelt að segja hvað manni finnst? Af hverju eða af hverju ekki?
5. Hvernig getum við hjálpað öðrum að fá að segja sína skoðun í skólanum?

Verkefni :

1. **Samræðuleikur** – „Tölum og hlustum“
2. **Veggspjaldaverkefni** – „Röddin mín skiptir máli“
3. **Hópverkefni** – „Við tökum ákvörðun saman“

Samræðuleikur

Tölum og hlustum

Nemendur vinna í pörum. Einn talar í 1 mínútu um eitthvað sem honum finnst skemmtilegt eða mikilvægt, hinn má aðeins hlusta og sýna með látbrigðum og augnsambandi að hann hlustar.

Svo skiptast þau á og ræða:

- Hvernig var að vera sá sem hlustaði?
- Hvernig var að fá að tala án þess að vera trufluð/að/aður?

Veggspjaldaverkefni

Röddin mín skiptir máli

Nemendur búa til mynd eða texta sem lýsir einni skoðun sem þeim finnst skipta máli í skóla- eða samfélagslífinu.

Spurningar til að styðja við umræðu:

- Af hverju skiptir þessi skoðun máli fyrir þig?
- Hvernig getum við sýnt öðrum virðingu þó við séum ekki sammála?

Hópverkefni

Við tökum ákvörðun saman

Kennari leggur fram spurningu eða verkefni sem krefst samkomulags, t.d.: „Ef við ættum að bæta einhverju við í skólann – hvað ætti það að vera?“

Nemendur ræða í hópum og þurfa að finna lausn sem öll geta sætt sig við.

Eftir á ræða þau:

- Hvernig tókst að hlusta hvert á annað?
- Hvað hjálpaði ykkur að ná samkomulagi?

Lokaverkefni

Þema: Virðing fyrir skoðunum barna

Verkefni: Hlustum á hvert annað! Hlustunarloforð bekkjarins

Tími: 60-90 mínútur (má skipta í 2 tíma)

Tilgangur verkefnis

Að efla skilning nemenda á því hvað virðing, hlustun og tjáning þýða í samskiptum — og að þróa með bekknum sameiginlegar reglur og gildi sem tryggja að rödd allra fái vægi. Markmiðið er að nemendur upplifi að þeir hafi raunveruleg áhrif á hvernig samskipti og umræðuhefð í bekknum mótast.

Lærdómsmarkmið

Nemendur:

- læra að ræða saman og taka ákvarðanir í hóp,
- íhuga hvernig þeir vilja að hlustun og virðing birtist í bekknum,
- upplifa að rödd þeirra hafi áhrif,
- móta sameiginleg gildi sem endurspeglu lýðræði og jafnræði í skólastarfinu.

Undirbúningur kennara

- Prenta út eða skrifa á töflu orð eins og: hlustun, virðing, samskipti, ágreiningur, samvinna.
- Undirbúa stórt blað eða veggspjald fyrir „hlustunarlöftin“ (t.d. „Bekkurinn okkar lofar...“).
- Hafa tilbúna límmiða eða miða fyrir hugmyndir nemenda.
- Gera ráð fyrir að verkefnið verði sýnilegt í skólastofunni (t.d. á vegg).

Hlustum á hvert annað!

Framkvæmd

1. Upphitun (10–15 mínútur)

Byrjaðu á spjalli eða stuttri leikrænnri æfingu til að fá nemendur til að hugsa um hlustun og samskipti.

- Spyrðu:
 - Hvernig vitum við að einhver er að hlusta?
 - Hvernig líður okkur þegar okkur er ekki hlustað á?
 - Hvað þýðir að sýna virðingu í samtali?

Valfrjáls leikur:

„Hlustum með eyrunum, augunum og hjartanu“ – nemendur æfa að hlusta á hvert annað án þess að grípa fram í eða gefa ráð.

2. Hugmyndavinna í litlum hópum (20 mínútur)

Skiptu nemendum í 3–4 manna hópa og gefðu þeim spurningar á miðum:

- Hvernig viljum við að hlustun sé í bekknum okkar?
- Hvernig sýnum við virðingu þegar við erum ósammála?
- Hvað hjálpar okkur að tjá okkur frjálsglega?
- Hvað gerir það erfitt að tjá sig?

Hóparnir skrifa hugmyndir á miða eða límmiða (ein hugmynd á hvern miða).

3. Sameiginlegt samtal (15–20 mínútur)

Kennari safnar öllum miðunum saman á töflu eða stórt blað.

Lesið hugmyndirnar saman og flokkið þær undir þemu, t.d.:

- Hlustun
- Virðing
- Hugrekki
- Jafnrétti
- Ágreiningur

Ræðið:

- Hvaða atriði finnst ykkur skipta mestu máli?
- Hvað getum við sameinast um sem „lög bekkjarins“ um virðingu og hlustun?

Hlustum á hvert annað!

Framkvæmd

4. Samningur (15 mínútur)

Kennarinn hjálpar bekknum að orða „hlustunarloforðin“ á jákvæðan og einfaldan hátt, t.d.:

- Við hlustum þegar aðrir tala.
- Við leyfum öllum að koma að orði.
- Við virðum skoðanir annarra, þó við séum ekki alltaf sammála.
- Við tölum af kurteisi og hugrekki.
- Rödd allra skiptir máli.

Bekkurinn ræðir orðalagið og samþykkir það sameiginlega (t.d. með handauppréttingum, stjórnnum eða undirskriftum).

5. Framsetning (15–30 mínútur)

Nemendur geta:

- skrifað eða teiknað eigið nafn eða tákn við loforðin,
- hannað sameiginlegt veggspjald eða listaverk úr orðunum,
- tekið upp stutt myndband þar sem þau kynna loforðin,
- búið til stuttan „hlustunarhring“ þar sem þau lesa upp sitt uppáhaldsloforð.

Eftirvinna og ígrundun

- Ræðið eftir viku eða tvær:
 - Höfum við fylgt hlustunarloforðunum okkar?
 - Hvað gengur vel?
 - Þurfum við að bæta einhverju við?
- Kennari getur látið loforðin lifa áfram í daglegu starfi:
 - vísað í þau í hópverkefnum eða ágreiningum,
 - minnt á þau þegar nýr áfangi byrjar eða nýr nemandi kemur í hópinn.

Hlustum á hvert annað!

Verkefnablað nemenda

Þema: Virðing fyrir skoðunum barna

Nafn:

1. Hvað þýðir virðing fyrir þér?

2. Hvernig getum við sýnt að við hlustum?

3. Hvernig líður þér þegar einhver hlustar á þig af athygli?

4. Hvernig viljum við hafa samskiptin í bekknum okkar?

(Settu ✓ við það sem þú vilt hafa í „hlustunarlöftunum okkar“ – eða bættu við nýju.)

- ☐ Við hlustum þegar aðrir tala.
- ☐ Við leyfum öllum að segja sína skoðun.
- ☐ Við tölum af kurteisi og án þess að særa.
- ☐ Við virðum skoðanir annarra, jafnvel þótt við séum ósammála.
- ☐ Við hjálpumst að og tölum saman þegar við þurfum að leysa ágreining.

☐ _____

☐ _____

Hlustum á hvert annað!

Verkefnablað nemenda

5. Mitt eigið loforð. Skrifaðu eitt loforð sem þú vilt standa við í samskiptum og hlustun í bekknum.

Ég lofa að: _____

6. Teiknaðu tákn fyrir þig og þína rödd. Teiknaðu litla mynd sem táknar þig – t.d. hjarta, sól, orð eða mynd af þér.



7. Að lokum

Hvað lærðir þú um hlustun og virðingu?

Hvernig getum við minnt hvert annað á hlustunarloforðin okkar?

Hugtök

Ábyrg tjáning:

Að tjá sig á virðingarfullan hátt – án þess að meiða, útiloka eða gera lítið úr öðrum.

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna:

Alþjóðlegur samningur sem tryggir börnum réttindi – þar á meðal réttinn til að tjá skoðanir og fá að hafa áhrif á mál sem þau varða.

Hlustun:

Að veita einhverjum athygli og sýna að það sem viðkomandi segir skiptir máli. Virk hlustun felur í sér að trufla ekki, bregðast við og íhuga það sem sagt er.

Réttindi barna:

Grunnréttindi sem öll börn hafa, óháð aldri, kyni, trú eða uppruna – t.d. rétt til að tjá sig, fá vernd og njóta menntunar.

Samráð:

Þegar börn eru spurð áhlits og fá að koma að ákvörðunum sem snerta þau – og skoðanir þeirra eru teknar alvarlega.

Skoðunarréttur barna:

Réttur barna til að hafa sínar eigin skoðanir og að tjá þær, sérstaklega í málum sem hafa áhrif á líf þeirra.

Tjáningarfrelsi:

Réttur allra til að tjá hugsanir, tilfinningar og skoðanir á eigin forsendum, svo lengi sem það brýtur ekki í bága við rétt annarra.

Tjáningarform:

Margar leiðir eru til að tjá sig – með tali, skrifum, list, leik, tónlist, myndböndum, dansi, myndum eða táknum.

Valdefling:

Að efla sjálfstraust og trú einstaklings á að rödd hans skipti máli og geti haft áhrif.

Virðing:

Að koma fram við annað fólk af sanngirni, kurteisni og jafnræði – og að viðurkenna að öll hafa rétt á að tjá sig á sinn hátt.